

Fundargerð 73. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, **12. janúar, 2021. kl. 15:00-16:30** á zoom

Fundinn sátu: Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Skúladóttir, Stefán Óli Steingrímsson og Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor. Fulltrúi stúdenta fjarverandi. Rakel Heiðmarsdóttir, kom inn á fundinn undir 4. lið. Fundarritari var Sigríður Sigurðardóttir.

Dagskráin var samþykkt.

1. Fundargerð 72. fundar var samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum.
2. Rekstrarhorfur 2020 og endurskoðuð áætlun ársins 2021.
Guðmundur B. Eypórsson, fjármálastjóri, greindi frá uppfærðri rekstraráætlun fyrir árið 2021 og helstu breytingum á henni miðað við fyrri áætlun, vegna 63,7 millj.kr hækkunar framlagi frá ríkissjóði frá fyrri áætlun. Í endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir 8,2 millj.kr. tekjuafgangi. Breytingar felast í fjölgun í starfsliði, aukinni aðkeyptri þjónustu, auknu framlagi í rannsóknar- og ferðasjóð, vottunarkostnaði og auknum ferðakostnaði.
Fram kom að horfur eru á að rekstrarniðurstaða ársins 2020 verði neikvæð um sem svarar nokkrum millj.kr.
3. Rannsóknaleyfi starfsmanna.
Camille Anna-Lisa Leblanc, dósent, hjá Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, hefur óskað eftir að fara í rannsóknarleyfi. Háskólaráð samþykkir það.
4. Kynningamál og innra starf 2021.
Bæta þarf kynningu skólans, ný heimasíða liður í því starfi. efli kynningarmál skólans á næstu vikum.

Nú á vormisseri verður skipurit HH, verkferlar og starfslýsingar stjórnenda og stoðþjónustu endurskoðuð. Í þeirri vinnu verða áherslur greindar í öryggis-, húsnæðis-, starfsmanna- og samskiptamálum. Grunnurinn að rýni skipurits og umbótum starfsins hefur verið lagður með ytri úttektarskýrslu, sjálfsmatsskýrslu háskólans sem og á greiningarvinnu innan deilda, áskorunum og umbótatillögum. Verkefnisstjóri verður Rakel Heiðmarsdóttir hjá Birki ráðgjöf. Endurskoðuninni á að vera lokið í vor.
5. Önnur mál.
Rætt var um húsnæðismál skólans og hvaða leiðir væru færar í áformum um viðgerðir á húsakosti skólans. Sömu leiðis var rætt hvernig mögulega mætti styrkja stoðkerfi skólans fyrir nýtt skólaárs.